

þess að fyrirbyggja, að hann fremdi tjón á mönnum og munum, þá fluttu lögregluþjónarnir kærðan í varðhald, afhentu fangaverðinum til geymslu.

Kærður hefir játað, að hann hafi verið mikið ölvaður og slangrað eftir götunni, er lögregluþjónarnir hittu hann.

Vitnið, Jakob Björnsson lögregluþjónn, hefir borið fyrir réttinum, að er lögregluþjónarnir hittu kærðan í áðurnefnt skifti, hafi hann verið áberandi ölvaður, og hafi það komið fram í því, að hann hafi slagað eftir götunni, dropið höfði, svo hafi og heyrzt mikið á mæli hans, er þeir töluðu við hann.

Það verður því að teljast sannað, að kærður hafi verið ölvaður á almannafæri og brotið gegn ákvæðum 16. gr. áfengislaganna, nr. 64, frá 1928, og þykir hegning sú, er hann hefir tilunnið, eftir 36. gr. þeirra laga, með tilliti til þess, að kærður hefir áður gerzt brotlegur við sömu grein, og undirgengizt með sætt í lögreglurétti Reykjavíkur hinn 8. október 1929 að greiða 50 króna sekt fyrir brot á henni, hæfilega ákveðin 70 króna sekt, er renni í rikissjóð, og afplánist með 5 daga ein-einföldu fangelsi, verði hún ekki greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 26. nóv. 1930.

Nr. 51/1930.

Valdstjórnin

(Magnús Guðmundsson)

gegn

James M. Richardson

(Lárus Fjeldsted).

Veidarfæri í ólagi.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 6. apríl 1930: Kærði, James H. Richardson, á innan fjöggra vikna að greiða 3000 kr. sekt, og renna í Landhelgissjóð Íslands kr. 2500 af henni, en 500,00 kr. í rikissjóð.

Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dómur hæstaréttar.

Hinn 6. apríl þ. á., kl. 9,24 árd., hitti varðskipið Ægir kærða vestan við Vestmannaeyjar, við svokallaðar Smáeyjar, 1,7 sm. innan landhelgislinunnar.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu var talsverður fiskur á þilfari, og var verið að gera að honum, en ekki var fiskurinn lifandi, og veiðarfærin voru ekki þannig útlitandi, að sýnilegt væri, að þau hefðu nýlega verið dregin úr sjó.

Dragstrengjum og höfuðlínunum hafði að visu verið lásað frá vörpunum, en stjórnborðsvarpa lá laus á þilfari, og bakborðsvörpu var tillt við öldustokkinn miðskipa, en vörpuvængirnir héngu uppi í framsigli-
unni. Kærði hefir kannazt við þessa skýrslu, en hann hefir neitað því, að hann hafi fiskað á landhelgis-
svæðinu, og hefir haldið því fram, að ástæðan til þess, að hann um kl. 7 um morguninn hafi haldið
upp að landi, hafi einungis verið sú, að hann hafi leitað þar skjóls vegna ofveðurs, enda er það upp-
lýst í málinu, að vindur var þá SA 6—7, en þó sjólítið.

Verjandi kærða hér fyrir réttinum hefir krafizt þess, að kærði verði sýknaður samkvæt lögum nr. 36, 15. júní 1926, með því að það hafi verið ljóst af öllum ástæðum, að skipið hafi hvorki verið að veiðum í landhelgi, né undirbúningur gerður í því skyni; en þar sem nefnd lög aðeins veita ákærvaldinu heimild til, er umgetin skilyrði eru fyrir hendi, að lúka málinu með áminningu, er ekki heimild til að sýkna kærða af þessari ástæðu.

Svo sem fram hefir verið tekið, er það sannað, að kærði hafði ekki veiðarfæri sín með löglegum umbúnaði, er hann var tekinn, og hafði hann þó haft næg-

an tíma til að koma þeim í búlka; hefir hann því gerzt brotlegur gegn 2. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920. Hinsvegar verður honum eigi refsað fyrir brot á 3. gr. laga nr. 33, 19. júní 1922, með því að staðhæfingu kærða um, að hann hafi haldið upp að landi til að leita sér skjóls undan stormi, hefir eigi verið hnekktt.

Refsing sú, er kærði hefir tilunnið fyrir framangreint brot á lögum nr. 5/1920, ákveðst 2500 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 70 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Svo ber kærða og að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, James M. Richardson, sæti 2500 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands, er afplánist með 70 daga einföldu fangelsi, verði sektin eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er sannað með skýrslu skipherrans á varðskipinu »Ægir« og játningu kærða sjálfs, að hann, James H. Richard-

son, f. 28/2 1886, var í morgun staddur á landhelgissvæðinu á skipi sínu, togaranum »Beverlac«, H 72, frá Hull, með ólöglegan umbúnað veiðarfæra og að verka fisk, sem var á þilfari skipsins.

Með þessu hefir kærði gert sig brotlegan gegn 2. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og 3. gr. laga nr. 33, 1922, og þykir refsing sú, sem hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin sekt að upphæð 3000 krónur, sem greiðist innan fjöggra vikna, og renna í Landhelgissjóð Íslands kr. 2500 — en í ríkissjóð kr. 500,00.

Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Föstudaginn 28. nóv. 1930.

69/1930.

Valdstjórnin (Pétur Magnússon)

gegn

Charles Leonard Dixon (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 31. maí 1930: Kærði, Charles Leonard Dixon, á að greiða sekt til Landhelgissjóðs Íslands að upphæð kr. 16000,00, innan fjöggra vikna. En fáist sektin ekki greidd, ber kærða að afplána hana með 8½ mánaða einföldu fangelsi. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum F. D. 182, »Lorinda«, frá Fleetwood, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Svo greiði kærði og allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður,

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Miðvikudaginn hinn 28. maí 1930 var varðskipið »Ægir« á leið austur með Portlandi, og sáust þá nokkrir togarar undan Mýrdalsvík, og var einn þeirra það grynnt, að hann, frá varðskipinu séð, virtist vera á landhelgissvæðinu. Stefndi togari þessi til lands.